

RANNSÓKNASKÝRSLUR FORNLEIFADEILDAR 1980

I

Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi

Ágúst Ólafur Georgsson skráði
Birna Gunnarsdóttir tók saman



FORNLEIFADEILD ÞJÓÐMINJASAFNS ÍSLANDS
REYKJAVÍK 1995

Skannað eintak af upprunalegri skýrslu hefur verið ljóslesið og
aðlagð af Minjastofnun Íslands.

Blaðsíðutöl gætu hafa færst úr stað og uppsetning breyst á
smávægilegan máta miðað við upprunalega útgáfu.

RANNSÓKNASKÝRSLUR FORNLEIFADEILDAR 1980

I

Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi,

Ágúst Ólafur Georgsson skráði
Birna Gunnarsdóttir tók saman

FORNLEIFADEILD ÞJÓÐMINJASAFNS ÍSLANDS
REYKJAVÍK 1995

Efnisyfirlit

Rómverskar tölur aftan við blaðsíðutal vísa til loftmynda

Inngangur	4
Skráðar minjar á Seltjarnarnesi	6-26
1. Ljóskastarastæði?	6 i
2. Rétt og mælingarmerki.	6 i
3. Verbúðir og vör.	7 i
4. Brunnur.	8 ii
5. Bæjarstæði Knútsborga.	8 ii
6. Rústir hringlaga mannvirkis.	8 ii
7. Rústir hringlaga mannvirkis.	8 ii
8. Rústir hringlaga mannvirkis	8 ii
9. Túngarður og traðir.	8 ii
10. Rústir hringlaga mannvirkis.	8 ii
11. Bæjarstæði Litlabæjar.	9 ii
12. Bæjarstæði Móakots.	9 ii
13. Kirkja/ kirkjugarður.	9 ii
14. Bæjarstæði Gesthúsa.	10 iii
15. Rétt?	11 iii
16. Túngarður?	11 ii
17. Stríðsminjar.	11
18. Brunnur.	11 ii
19. Sjávargarður.	11 ii
20. Ráðagerðisvör.	12 ii
21. Brunnur.	12 ii
22. Bygggarðsvör.	12 ii
23. Nýjabæjarvör.	12 ii
24. Nesvör (Norðurvör).	12 iii
25. Nýlenduvör.	12 iii
26. Sjávargarðar.	12 ii
27. Sjávargarðar.	12 iii
28. Bollagarðavör.	12 iii
29. Ljóskastarastæði?	12 iii
3 0. Þvergarður.	12 iii
31. Varðhús?	14 iii
32. Skotbyrgi?	14 iii
3 3. Skotbyrgi?	14 iii
34. Skotbyrgi?	14 iii
3 5. Skotbyrgi?	14 iii
36. Skotbyrgi?	15 iii
37. Skotbyrgi?. Landamerkjasteinn og tóft.	15 iii
3 8. Stríðsminjar.	16 iii
3 9. Skotgröf og skotbyrgi. Garðbrot.	16 iii

40. Sumarbústaðarrúst.	18 iii
41. Stríðsminjar.	18 iii
42. Stekkur og grjótgarður.	18 iii
43. Hústóft.	18
44. Vesturvör.	18
45. Austurvör og sjávargarður.	18
46. Vélbyssuhreiður. Brunnur.	18 v
47. Hrólfskálavör og sjávargarður.	20 v
48. Sjavargarður.	20 iv
49. Bæjarstæði Gróttu.	20 iv
50. Gróttugrandi.	20 ii
51. Bátaskýli, hjallur, bryggja, uppsátur, naust, húsgrunnur.	20 iv
52. Sjavargarður.	22 v
53. Eiðisvör.	22 v
54. Pálsbæjarvör.	22 v
55. Sjavargarður.	22 v
56. Túngarður.	22 v
57. Skotbyrgi? Húsgrunnur.	23 v
58. Melshúsabryggjur.	23 v
59. Lambastaðavör.	23 v
60. Öskuhaugur.	23 ii
61. Nes.	24 ii
Tegundir skráðrar minja	27
Lokaorð	28
Heimildir	30
Loftmyndi	31
Loftmynd ii	32
Loftmynd iii	33
Loftmynd iv	34
Loftmynd v	35

Inngangur

Samkvæmt þjóðminjalögum nr. 88/1989 skal Þjóðminjasafn Íslands láta skrá eftir megni allar þekktar fornleifar á landinu, og er fornleifaskráning nú talin eitt af brýnustu verkefnum þjóðminjavörslunnar. Við fornleifaskráningu safnast upplýsingar um dreifingu og ástand minjastaða. Slíkar upplýsingar eru mikilvægar þegar ákvarðanir eru teknar um friðun og aðrar verndaraðgerðir, sem og fornleifarannsóknir.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna gegn því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi, enda ætti að vera hægt um vik að hafa samráð við þjóðminjayfirvöld með fyrirvara, eins og skylt er samkvæmt þjóðminjalögum, ef hætta er talin á að framkvæmdir skaði þekkt minjastaði. Æskilegast er að framkvæmdum sé beint frá slíkum stöðum, en sé það ekki mögulegt hefur fornleifanefnd vald til að krefjast þess að framkvæmdum sé frestað þar til fornleifarannsókn á staðnum er lokið. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar fyrir eða skráðar, og ef áður óþekktar minjar koma í ljós við jarðrask ber að tilkynna það þjóðminjayfirvöldum sem taka ákvörðun um hvort og með hvaða skilyrðum vinna á staðnum megi halda áfram.

Samkvæmt þjóðminjalögnum má ekki samþykkja skipulag nema fornleifar á viðkomandi svæði hafi fyrst verið skráðar, og skulu skipulagsyfirvöld hafa um það samvinnu við Þjóðminjasafn. Fornleifaskráning er einnig nauðsynleg til þess að unnt sé að fara að lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1994, en samkvæmt þeim er skylt að taka tillit til áhrifa fyrirhugaðra framkvæmda á fornleifar og aðrar menningarmjar.


Í 16. grein þjóðminjalaga segir að telja skuli minjar 100 ára og eldri til fornleifa. Allar fornleifar njóta friðhelgi og er með öllu óheimilt að hreyfa við þeim án sérstaks leyfis fornleifanefndar. Engar fornleifar á Seltjarnarnesi eru á skrá yfir friðlýstar fornleifar, en sérstök friðlýsing er ekki forsenda þess að fornleifar 100 ára og eldri séu friðhelgar. Heimilt er að friðlýsa yngri minjar og eru nokkur dæmi um slíkt.

Vinna við fornleifaskráningu á Seltjarnarnesi hófst árið 1980 og vann Ágúst Ólafur Georgsson við skráninguna á vegum Þjóðminjasafns Íslands í ágústmánuði það ár. Ekki varð framhald á verkinu eftir að gengið hafði verið um nesið og sjáanlegar rústir skráðar og ljósmyndaðar, fyrr en úrvinnsla á skráningargögnum hófst í janúar 1995. Seltjarnarnesbær kostaði úrvinnsluna og gerð þessarar skýrslu. Skýrslan er unnin upp úr skráningarbókum Ágústs og teikningar og flestar ljósmyndir eru eftir hann.

Á þeim tíma sem liðinn er síðan skráningin hófst hefur mikið verið byggt á Seltjarnarnesi og allmargar rústir sem þá voru skráðar eru nú horfnar eða skemmdar. Hrafn Jóhannsson hjá Bæjarskrifstofum Seltjarnarness og Kristinn Magnússon, forstöðumaður Nesstofusafns, veittu mikla og góða aðstoð við að staðsetja minjarnar. Það reyndist stundum erfitt og í nokkrum tilfellum var það ekki hægt. Aftast í skýrslunni eru skráðir minjastaðir merktir eftir föngum inn á loftmyndir sem Landmælingar Íslands tóku fyrir Seltjarnarnesbæ í ágúst 1994, og vísa númerin til skráningarnúmers minjanna. Með því að gera skráninguna aðgengilega og safna upplýsingum um aðrar minjar sem eftir eru verður vonandi hægt að komast hjá því að fleiri minjastöðum verði spillt af vangá

Skráðar minjar á Seltjarnarnesi

- 1 **Stríðsminjar.** Steinhús, um 4 x 7 m að flatarmáli, sennilega ljóskastarastæði. Dyr eru á suðaustur-hlið og stór gluggi eða op mót hafi í norðvestur. Húsið stendur á um 1,5 m háum grjóthlöðnum palli og liggja tröppur upp pallinn að dyrum.
- 2.1 **Rétt.** Ferhyrnt gerði eða garður, um 22 x 27 m að innanmáli. Veggir um 2 m á breidd, hæð óveruleg en nær sumstaðar ca. 30 cm. Suður- og austurhlutarnir eru skýrastir. Á norðausturvegg sést móta fyrir inngangi. Í norðvesturhorninu hefur verið afkimi, stía eða kró. Bílastæði hefur skaddað rústina.



Stríðsminjar á Suðurnesi (nr. 1.) Dóskastarastæði?

- 2.2 **Stía.** Í norðvesturhorni réttarinnar er stía eða kró, um 5 x 8 m stærð. Dyr eða inngangur hefur verið á suðausturenda.
Í Örnefnalýsingu segir að á Suðurnesi hafi verið haft í kvíum frá Hrólfskála um 1880, og réttin hafi síðast verið í notkun 1930. ¹
- 2.3 **Mælingamerki.** Inni í réttinni norðanverðri er stöpull úr steinsteypu, u.þ.b. 1 m á hæð og 20 cm á kant. Á einni hliðinni er mynd af kórónu og stafirnir G.S. fyrir neðan, og rammi utan um hvort tveggja. Danska herföngingaráðið

¹ Örnefnastofnun 1976.


lét setja merkið upp um 1900 og samskonar merki sem eru í landi Ráðagerðis og á Valhúsahæð.

- 3.1 Verbúðir.** Þrír lágir hólar eru í útjaðri golfvallarins að sunnanverðu, á suðvesturbakka Búðatjarnar og um 40-50 m vestur frá henni. Sá stærsti hefur verið á suðvesturbakka tjarnarinnar. Búið er að slétta svæðið til að bæta golfvöllinn, og sjást rústahólarnir nú mjög ógreinilega. Í Jarðabók 1703 segir að Nesi fylgi verstaða á Suðurnesi og séu þar þrjár verbúðir.²


- 3.2 Vör.** Neðan við rústir verbúðanna en eilítið austar sást móta fyrir vör en hún var tekin að fyllast vegna sjávargangs. Vörin sést ekki lengur.

Skráð 13.8.1980/ÁÓG

BÍLASTÆÐI



Flatarteikning af frétt (nr. 2) á Suðurnesi. (Hreint.G. 'O.)



Rústir verbúða við bakka Búðatjarnar (nr. 3.1).


² Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns: bls. 240.

4 **Brunnur.** Um 30 m suðaustur af sjávarbakkanum í norðvesturhluta Nestúnsins stendur gömul brunndæla úr járni. Sennilega hefur þetta verið vatnsból frá Litlabæ.

5 **Bæjarstæði Knútsborga 1-II.** Í miðju Nestúni norðvestanverðu er lágur og aflangur hóll með stefnu SV-NA. Ofan á honum sér óljóst móta fyrir dældum sem gefa til kynna hvar húsin hafa staðið. Sléttað hefur verið úr rústunum. Hús var fyrst reist þarna um 1730. Um aldamótin 1900 voru tvö bæjarhús í Knútsborg en þau voru rifin um 1925.³

6, 7, 8, 10

Rústir. Á þessi númer voru skráðar fjórar rústir óþekktra mannvirkja árið 1980. Á loftmyndum sést að í túninu í Nesi eru all margar hringlaga rústir, og þessar þar á meðal. Í september 1993 rannsakaði Kristinn Magnússon fornleifafræðingur, forstöðumaður Nesstofusafns, einn hringjanna með uppgreftri. Ljóst er að mannvirkið var ekki mannabústaður. Lokaniðurstöður úr rannsókninni hafa ekki verið birtar.⁴ Tveir hringanna hafa verið kannaðir með jarðsjá.⁵



Rústir hringlaga mannvirkja í Nestúni. Bakkatjörn í baksýn.

9.1 **Túngarður** gamall sést greinilega í Nestúni.

³ Heimir Þorleifsson 1991: 13 8-9.


⁴ Kristinn Magnússon 1993.

⁵ Sigurjón Páll Ísaksson og Þorgeir S. Helgason 1994.

9.2 Traðir liggja meðfram túngarðinum að hluta og mynda grunna rás í túnið.

11 Bæjarstæði Litlabæjar er í norðaustanverður túninu í Nesi. 1980 sást móta fyrir steiptum undirstöðum og skiptist rústin í tvo hluta. Rústin var eins og gryfja að sjá, en búið að fylla upp í hana að mestu. Íbúðarhúsið Litlibær var reist skömmu fyrir aldamót og búið þar fram til um 1930.⁶

12 Bæjarstæði Móakots er um 150 m NNA við Nesstofu. Bæjarhóllinn er lágur, nálægt því að vera hringlaga, og um 30 m í þvermál. Greinilega má sjá að þarna hafa verið nokkur hús, þótt búið sé að slétta túnið. Hjáleigan Móakot er nefnd í Jarðabók 1703. Ekki er vitað hvenær kotið byggðist, en það mun hafa verið komið í eyði árið 1779.⁷



Bæjarstæði Móakots. Rústahóllinn sést enn þótt búið sé að slétta túnið.

13 Kirkja / kirkjugarður suðaustan við Nesstofu. Rústir eru ekki sjáanlegar á yfirborði. Þegar grafið var fyrir hitaveituskurði að Nesstofu árið 1979 fundust þarna grafir og veggjarhleðslur sem taldar eru vera frá kirkjugarðinum, og var svæðið þá lauslega athugað af safnverði á Þjóðminjasafni. Leifar grjóthlaðins veggjar utan um matjurtagarð virðast geta verið framhald veggjarins sem fannst 1979.

Árið 1994 kannaði Línuhönnun hf. svæðið með jarðsjá að frumkvæði Rótarýklúbbs Seltjarnarness. Niðurstöður mælinganna þykja benda til þess

⁶ Heimir Þorleifsson 1991: 139.

⁷ Jarðabók Áma Magnússonar og Páls Vídalíns: bls. 243; Heimir Þorleifsson 1991: 136.

að tekist hafi að afmarka útlínur kirkjugarðsins að hluta, og finna líklega staðsetningu kirkjunnar.⁸

Kirkju í Nesi er fyrst getið í kirknatali Páls biskups Jónssonar um 1200. Elsti máldagi hennar, sem þekktur er, er frá 1397. Talið er að þegar hann var gerður hafi kirkjan í Nesi verið úr torfi. Hún var þá auðug að jörðum. Árið 1642 er Neskirkja sögð "stæðileg að máttarviðum"; sú kirkja var líklega að mestu leyti úr torfi og grjóti. Árið 1675 var svonefnd Úlfhildarkirkja reist, vegleg kirkja úr torfi og með miklu tréverki. Lýsing á henni er talin geta bent til þess að hún hafi verið útbrotakirkja, en þær voru sjaldgæfar hér. Úlfhildarkirkja er sögð illa farin 1780, og 1785 var enn reist ný kirkja í Nesi, sú síðasta sem þar stóð. Það var glæsileg timburkirkja, en árið 1797 var helgi aflétt af henni og Seltirningum gert að sækja kirkju í Reykjavík. Neskirkja fauk í Bátsendaveðrinu 1799. Kirkjugarðurinn umhverfis Neskirkju er fyrst nefndur í vísitasíu frá 1758; menn voru greftraðir þar að minnsta kosti til 1813.⁹

Skráð 14.8.1980 / ÁÓG

14 Bæjarstæði Gesthúsa sést ekki lengur á yfirborði. Hjáleigan Gesthús er nefnd í Jarðabók 1703. Þar var búskapur til ársins 1902.¹⁰




Tóftir hverfa undir nýbyggingar. Rétt? (nr. 1 ~).

⁸ Sigurjón Páll Ísaksson og Þorgeir S. Helgason 1994.

⁹ Heimir Þorleifsson 1991: 299-310.

¹⁰ Jarðabók Áma Magnússonar og Páls Vídalíns : bls. 241-2; Heimir Þorleifsson 1991: 136.

- 15 **Rétt?** Mjög sködduð tóft. Rústin virðist virðist hafa verið u.þ.b. 20 x 25 má stærð. Í vesturhorni hennar mótaði óljóst fyrir milliveggjum. Veggir voru um 2 má breidd, en sums staðar 2-3 m. Þeir voru um 20-30 cm á hæð, en mjög aflíðandi inn í rústina. Rústin gætu verið nokkuð gömul, a.m.k. frá því snemma á 19. öld. Garðlög með stefnu í vestur sáust óljóst hjá tóftinni.
- 16 **Garðbrot** er í útjaðri túnsins í Nesi, á austurbakka Bakkatjarnar. Það er um 1 m á breidd og 4 má lengd. Garðurinn er útflattur og útlínur hans óreglulegur. Þarna gætu verið leifar af túngarði.
- 17 **Stríðsminjar.** Um 200 - 220 m norðan við golfskálann á Suðurnesi eru tvær steinsteyptar plötur, um 1,5 x 1,5 m, og steinsteypt veggjarbrot, um 3 m á lengd og 70 cm á hæð. Við nyrðri plötuna mótast óljóst fyrir undirstöðu veggjar,
- 18 **Brunnur,** hlaðinn úr óhöggnu grjóti, um 1,5 m á dýpt. Brunnurinn hefur líklega verið nokkurn veginn hringlaga en er nú nokkuð aflangur, u.þ.b. 2 má lengd og 1 m á breidd.
- 19 **Sjávargarðar.** Tvö garðbrot. Það lengra er um 80 m langt og um 1,2 m á hæð, mjög vel og traustlega hlaðið og enn í góðu standi. Styttra brotið er um 20 m langt og um 1 m á hæð. Það er nokkuð skaddað, einkum sá hluti sem næstur er fjörunni. Garðarnir tilheyrðu Ráðagerði og munu vera hlaðnir eftir 1950.



Sjávargarðar í landi Ráðagerðis (nr. 19).

20 Ráðagerðisvör.

21 Brunnur. Hjá Ráðagerði er steinsteyptur brunnur, um 2 m í þvermál. Brunnurinn er ekki hringlaga, heldur kantaður - líklega sex.hyrndur - og hver hlið um 1 m. Hann vargerðurum 1910. Búið er að fylla upp í brunninn.

22 Bygggarðsvör. Á grasbakkanum fyrir ofan vörina er handknúið dráttarspil. Nokkrir ryðgaðir brautarteinar eru efst í fjörunni, neðan bakkans.
Skráð 18.8.1980 / ÁÓG

23 Nýjabæjarvör.

24 Nesvör (Norðurvör).

25 Nýlenduvör.

26 Sjávargarðar. Á sjávarbakkanum eru tveir garðar sem liggja samsíða honum. Vestari garðurinn, sem tilheyrði Nesi 1, er um 17 m langur og víðast um 1,4 m á hæð. Hann er um 60- 70 cm breiður. Eystri garðurinn tilheyrði Nesi 11. Hann er um 30 m langur, 50-70 cm breiður og hæstur um 1 m. Þvergarður er hornrétt á garðana, um 18 m langur, 60-70 cm breiður og víðast um 1 m á hæð. Sjávarmegin vegarins Norðurstrandar er 8 - 9 m langt garðbrot. Ofan vegarins tekur við um 20 m langur garður, líklega :framhald þess sem er neðan við. Garðbrotin beggja vegna vegarins eru talsvert hrunin og sjást fremur illa.

27 Sjávargarðar eru norðan við Bollagarða á um 120 m löngu svæði. Garðarnir eru um 60 cm á breidd og víða um 1,2 m á hæð. Þeir voru hlaðnir á þessari öld.

28 Bollagarðavör.

29 Stríðsminjar. Ljóskastarastæði? Dæld eða kvos, um 5 x 9 m, og 1 - 1,5 má dýpt. Í hluta botnsins er steinsteypt plata.
Skráð 19.8.1980/ ÁÓG

30 Þvergarður (Valhúsagarður) er forn landamerkjagarður sem náði áður þvert yfir nesið. Leifar af garðinum sáust á um 80 m löngum kafla í brekkunni austan Bakkavarar árið 1980 og náði hann þar langleiðina niður að sjó. Á Valhúsahæð sést enn í garðinn á allt að 300 m löngum kafla, en það sem eftir er afhonum er nokkuð sokkið íjörðu. Garðurinn er mikið hruninn. Víðast er hann um 0,5 m á hæð og 1 m á breidd. Skörð eru í garðinn á nokkrum stöðum. Þegar grafið var fyrir húsgrunni við Valhúsabraut 18 árið 1992 var rofið skarð í garðinn. Garðurinn sást þá allvel í sniði og gafst tækifæri fyrir fornleifafræðinga til að kanna hann. Afstaða öskulaga gaf ekki ótvíræða



Þvergarður. Leifar forns landamerkjagarðs á Valhúsahæð



Landamerkjasteinn (nr.37.2). Steinninn er í Þvergarði á Valhúsahæð.

um aldur garðsins; hann mun hafa verið hlaðinn einhvern tíma á bilinu frá **11.** öld til miðrar 13. aldar.¹¹


Skráð 20.8.1980 / ÁÓG

Á Valhúsahæð voru árið 1980 skráðar 14 rústir hernaðarmannvirkja á sérstök númer, auk þess sem 15 - 20 rústir á austan og norðaustanverðri hæðinni voru skráðar saman á eitt númer. Margar þessara rústa eru nú horfnar, enda hefur talsvert rask verið á hæðinni síðan þær voru skráðar.


31 Stríðsminjar. Varðhús? Húsið skiptist í tvo hluta, 3 x 5 m og 4 x 5 m. Í öðrum hlutanum eru uppistandandi veggir, 1 - 2 m háir. Þeir eru hlaðnir úr grjóti og límdir með steypu.

32 Stríðsminjar. Skotbyrgi? Rúst, um 9 x 9 m. Veggir hlaðnir úr torfi og grjóti, hæstir um 50 cm. Dyr virðast snúa í austur og vestur.

33 Stríðsminjar. Skotbyrgi? Rústin er U-laga, um 5 x 6 m, og þverveggur fyrir. Undirstöður úr torfi og grjóti, hæð veggja mjög óregluleg en þykkt um 1 m. Tvennar dyr eru á rústinni þar sem langveggir og þverveggur mætast. Dyrnar eru um 0,5 m á breidd og snúa í NNV og SSA.



Flatarteikning af varðhúsi? á Valhúsahæð (nr. 31J). (Hreint. G. Ó)



Flatarteikning af skotbyrgi? (nr. 32). (Hreinteikn. G. Ó.)

34 Stríðsminjar. Skotbyrgi? Ferhyrnd rúst, um 3 x 2 m að innanmáli. Veggir eru 1-1,5 m á hæð og 1-1,5 m á þykkt. Klettur myndar einn vegg rústarinnar.

35 Stríðsminjar. Skotbyrgi? Rústin er mjög illa farin og veggir hrundir. Virðist hafa verið um 3 x 3 m á stærð og veggir um 1 m á breidd; klettur hefur gegnt hlutverki veggjar á NV-hlið. Enginn inngangur er sjáanlegur.

¹¹Guðmundur Ólafsson og Kristinn Magnússon. 1992.



Stríðsminjar á Valhúsahæð. Varðhús? (nr. 31).


36.1 Stríðsminjar. Skotbyrgi? Ferhyrnd rúst, um 2 x 3 m að innanmáli. Veggir um 1 m á breidd og 30-40 cm á hæð. Dyr eða inngangur á SV vegg.

36.2 Stríðsminjar. Skotbyrgi? Ferhyrnd rúst, á að giska 2 x 3 m á stærð. Hæð veggja óveruleg, en klettur sem hefur um 1,2 m á hæð. Rústin er mjög illa farin. Hún er um 4 - 5 m suðvestan við rúst nr. 36.1.

37.1 Stríðsminjar. Skotbyrgi? Ferningslaga rúst, um 3 x 3 m á stærð og grafin niður um 1 - 1,2 m. Veggir hlaðnir úr grjóti og inngangur að suðvestanverðu. Landamerkjasteinn (nr. 37.2) er á suðausturbrún rústarinnar.


37.2 Landamerkjasteinn er um 120 m frá norðurenda Þvergarðs og um 70 m frá Valhúsabraut. Orðið LANDAMERKI er klappað á hann.

37.3 Tóft. Um 16 m NNA við byrgið (nr. 37.1) er rúst eða grjótveggur. Veggurinn er um 5 m langur og 60 cm breiður og stefnir í norðvestur frá Þvergarði. Tóftin virðist eldri en hernámið.



Flatarteikning af skotbyrgi? á Valhúsahæð (nr. 33). (Hreint. B.G.)


- 38.1 Stríðsminjar.** Ferhyrnd gryfja, um 4 x 5 má stærð og dýpst í miðjunni, um 1 m. Inngangur virðist hafa verið í suðurhorni.
- 38.2 Stríðsminjar.** Gryfja, um 14 m sunnan við rúst nr. 38.1. Stærð 1,5 x 1,5 m og dýpt u.þ.b. 0,5 m. Ofan í gryfjunni er steypuklumpur, og í kanti sést einnig í steinsteypu.




Skotbyrgi? á Valhúsahæð (nr. 39,2).

- 39.1 Stríðsminjar.** Skotgröf, um 1 má breidd og 1,6 má dýpt, veggir hlaðnir úr grjóti. Liggur nokkurn veginn í hálfirring, en þvert á hann kemur löng og mjó gryfja, um 19 m á lengd og 1 m á dýpt og breidd. Lítil merki sjást um veggjagrjót í þessari gryfju en líklegt má telja að veggir hafi verið hlaðnir.
- 39.2 Stríðsminjar.** Skotbyrgi? Ferhyrnd rúst, um 6 x 6 m. Veggir 0,3 - 0,4 má hæð. Inngangur á norðausturhlið. Meðfram suðausturhlið og norðausturhlið liggur mjó og niðurgrafin renna sem heldur áfram um 6- 7 m norður að rúst nr.39.3. Rennan er um 1 m á dýpt og breidd. Hún er líklega skotgröf eða skjólgröf til að komast á milli nr. 39.2 og 39.3.
- 39.3 Stríðsminjar.** Fallbyssubyrgi? Rúst, 12 x 18 m. Hlaðið að innan úr grjóti sem haldið er saman með steinsteypu. Rústin skiptist í þrjú hólf og er innangengt á milli þeirra. Líklega skotbyrgi; stærðin gæti bent til þess að þetta hafi verið fallbyssubyrgi. 4-5 m SSV við rústina sést móta fyrir mjórri

rennu með stefnuna SA-NV. Rennan er um 0,5 má dýpt og breidd, og um 20 m löng.



39.4 Garðbrot. Frá skotgröfinni (nr.39.1) liggja garðleifar sem stefna fyrst u.þ.b. 30 m í NV, þá um 80 m í SV og loks 5-10 m í SA. Lítið sér nú eftir af þessum garði; víðast er hann sem örgrunn renna með grjóti í botninum, en sums staðar er grjótið eilítið herra en landið umhverfis. Garður þessi er án efa s.k. Gerði sem talað er um í örnefnalýsingum Seltjarnarness.¹²



Stekkur (nr. 42).

¹² Örnefnastofnun 1976.

- 40 **Sumarbústaðarrúst.** Steinsteypur grunnur, um 3 x 5 m. Bústaðurinn virðist hafa verið reistur á undirstöðu eldra húss eða húsa. Óljóst má greina hvar þau hús hafa staðið, en engar aðrar leifar sjást eftir þau.

Skráð 20.8.1980 / ÁÓG

- 41 **Stríðsminjar.** Undirstöður húsa, steinsteypir grunnar og leifar annarra mannvirkja hersins á Valhúsahæð austan- og norðaustanverðri, alls 15 - 20 rústir. Flestar þessara rústa munu nú vera horfnar.

- 42.1 **Stekkur,** um 3 x 5 m að innanmáli, veggir um 1-1,5 m að þykkt og um 40 cm á hæð. Inngangur á skammhlið mót vestri. Stekkurinn mun vera allgamall, en hann sést enn mjög greinilega.

- 42.2 **Grjótgarður** liggur frá suðurvegg stekkjans. Garðurinn stefnir fyrst í norðaustur um 40 m, en síðan um 140 m í vestur. Hann er víðast um 1 má breidd og 20 til 40 cm á hæð.

- 43 **Hústóft.** Rústir húss, um 8 x 15 m. Aðeins mótar fyrir útlínum veggja, sem hafa verið úr timbri, en engir milliveggir er sjáanlegir.


- 44 **Vesturvör** er horfin undir uppfyllingu.

- 45.1 **Austurvör** er horfin undir uppfyllingu ..

- 45.2 **Sjávargarður,** um 10 - 15 m langur og 1 - 1,5 m á hæð, var ofan við Austurvör. Sennilega hefur verið gengið ofan í vörina við austurenda garðsins. Garðurinn sést ekki lengur.


- 45.3 **Bolli** var klappaður í sjóbarða klöpp vestan megin í Austurvör, en sést ekki lengur enda er vörin horfin.

- 46.1 **Stríðsminjar.** Tvö vélbyssuhreiður, um 4 x 4 að flatarmáli. Veggir hlaðnir úr múrsteinum en þökin steyp. Milli hreiðranna sást móta fyrir skotgröf. Annað vélbyssu-hreiðrið stendur enn.



Flatarteikning afstekk (nr. 42. 1).
(Hreint. B.G.)

- 46.2 **Brunnur,** brunndæla úr járni. Umhverfis hana var hlaðinn U-laga torfgarður með um 1,5 m háa vegg. Dælan sést enn, en veggurinn umhverfis hana er horfinn.



Vélbyssuhreiður (nr. 46.1) á lóð hússins við Steinavör 5.



Sjávargarður í landi Hrólfskála (nr. 47.1). Uppganga eða uppkeyrsla úr Hrólfskálavör á miðri mynd

47.1 Hrólfsskálavör.

- 47.2 **Sjávargarður** myndar kant á grasbakkanum ofan við Hrólfsskálavör. Fyrir neðan Hrólfsskála 1 er skarð í garðinn og uppganga eða uppkeyrsla úr Hrólfsskálavör. Garðurinn er heillegastur neðan við og rétt vestan Hrólfsskála 1 og er þar um 1 má hæð. Hann er um 120 m langur, en hefur líklega verið mun lengri og náð vestur fyrir Nónbjörg.

Skráð 21.8.1980 / ÁÓG


Ekki er vitað hvenær byggð hófst fyrst í Gróttu en nafnið þykir fornlegt. Gróttu er fyrst getið í fúgetareikningum 1547-52 og var þá útræði þaðan. Hún er talin hjáleiga frá Nesi í Jarðabók 1703, en háflenda 1755. Á 18. öld þótti Gróttu ein af betri jörðum á nésinu en sjávargangur spillti jörðinni mjög og var hún í eyði um tíma á fyrri hluta 19. aldar. Á gömlum kortum sést að bærinn stóð áður á breiðu nesi, en líklegt er að Gróttu hafi orðið eyja eftir flóðin miklu 1799. Útgerð var frá Gróttu alla tíð og hélst meðan þar var búið.¹³ Í Gróttu eru fjölbreyttar og ágætlega varðveittar minjar.

- 48 **Sjávargarður** er umhverfis alla Gróttu. Hann er lægstur að austanverðu og er það sennilega elsti hluti hans. Frá norðri til suðvesturs er garðurinn mestur, þar er hann 1,2-1,5 m á hæð og um 3 m á breidd.
- 49 **Bæjarstaði Gróttu** er um 10 m austan við Gróttuvita og um 30 m norðvestan við íbúðarhúsið og má greina það allvel þótt túnið hafi verið sléttað. Tóftasvæðið er u.þ.b. 30 x 30 m.
- 50 **Gróttugrandi** er grjótgarður milli lands og Gróttu, hlaðinn á þessari öld.
- 51.1 **Sjóbúið Alberts Þorvarðarsonar.** Rótarýklúbbur Seltjarnarness á húsið og hefur látið gera það upp.
- 51.2 **Hjallur** úr timbri og með bárujárnspaki. Búið er að rífa hjallinn.
- 51.3 **Bryggja.** Fremsti hluti bryggjunnar er steinsteyptur og tekinn að hrynja. Göngubrú úr tré lá frá sjóbúðinni niður á steypu bryggjuna en er nokkuð illa farin.
- 51.4 **Dráttarbraut** er um 7 m vestan við bryggjuna og nær niður að fjöruborði.
- 51.5 **Naust** ofan við dráttarbrautina hefur verið um 3 x 7 má stærð, en aðeins eru eftir af því nokkrir stólpar. Járnbautarteinar hafa legið ofan á uppsátursbrautinni að naustinu og sennilega inn í það. Aftan við naustið stendur handknúið dráttarspil.

¹³ Heimir Þorleifsson 1991: 143.




Bæjarstæði Gróttubæjar (nr. 49). Sjávargarðar (nr. 48) í baksýn.



Bátaskýli, bryggja og fleiri minjar um útgerð í Gróttu.

- 51.6 **Húsgrunnur**, steinsteyptur, er um 7-8 m norðaustan við sjóbúðina. Hann er um 6 x 6m.
- 51.7 **Húsgrunnur**, steinsteypt plata, um 5 x 12 m, er um 15 m vestan við sjóbúðina og 7 m austan við hjallinn.
Skráð 22.8.1980/ ÁÓG
- 52 **Sjávargarðurur**, um 1,3 má hæð og um 2,5 - 3 m á breidd. Garðurinn er í mjög góðu standi og sennilega nýlega búið að gera við hann (1980), en gæti verið all gamall að stofni til. Norðurendi garðsins hverfur í uppfyllingu í Káravík, en hefur án efa náð norðar.
- 53 **Eiðisvör.**
- 54 **Pálsbæjarvör**
- 55 **Sjávargarðurur** - Vestari hluti garðsins er á sjávarbakkanum, hann er um 57 m langur og um 1,5 m á breidd. Garðurinn er grasi vaxinn og sést illa. Eystri hluti garðsins er 25 m langur og 1-1,5 m á breidd. Garðurinn er ýmist ofan á bakkanum eða myndar kant hans. Ofan á bakkanum er garðurinn 30 - 40 cm á hæð, en víða lægri.



Pálsbæjarvör.

- 56 **Túngarðurur** í gamla Káravíkurtúninu, víðast um 1,5 m á breidd en ekki miklu hærri en túnið umhverfis. Garðurinn var um 100 m langur.

57.1 **Stríðsminjar.** Skotbyrgi? Grunnur skurður, hlaðinn úr grjóti sem haldið er saman með steinsteypu.

57.2 **Húsgrunnur,** í brekkurótinni austan við hús bæjarstjórnar Seltjarnarness. Húsið virðist hafa verið steinsteyp, en óljóst hversu stórt það var.



Melshúsabryggja.

58 **Melshúsabryggjur** og aðrar minjar eftir útgerðarumsvif Kveldúlfs á fyrri hluta aldarinnar¹⁴ eru á 350 m löngu svæði á sunnanverðu Seltjarnarnesi. Þarna eru tvær bryggjurústir og um 240 m á milli þeirra. Bryggjurnar eru hlaðnar úr höggnu grjóti, en bryggjugólfin hafa verið steyp. Milli bryggjanna hefur verið steypur garður og er enn nokkuð eftir af honum. Um 20 - 30 m suðaustan við eystri bryggjuna eru leifar steingarðs sem hefur náð í sjó fram.

59 **Lambastaðavör.** Ofan við hana er lítið timburhús með tveimur burstum og liggja þangað brautir fyrir tvo báta.


Skráð 22.8.1980/ ÁÓG

60 **Öskuhaugur** kom í ljós við hitaveituframkvæmdir um miðja vegu milli Nýjabæjar og Nýjabæjarvarar árið 1981. Guðmundur Ólafsson fornleifafræðingur rannsakaði hauginn, sem virtist ná niður á óhreyfðan

¹⁴ Heimir Þorleifsson 1991: 105.

jarðveg og var allt að 80 cm þar sem hann var þykkastur. Haugurinn var að mestu myndaður úr móösku. Í honum fundust margskonar leifar dýrabeina, en auk þess þykkt lag af skeljum. Neðst í hauginum var smáblettur sem gæti verið gjóska úr Kötlugosi um 1490, en engin önnur gjóskulög fundust. Niðurstaða könnunarinnar var að haugurinn sé líklega yngri en frá 1500; e.t.v. frá 17. eða 18. öld. Telja má líklegt að bæjarhús hafi staðið í grennd við hauginn, en ekkert sést móta fyrir þeim á yfirborði.

Skráð 22.9.1981 / GÓ



Lambastaðavör.

Ekki er vitað með vissu hvenær bær var fyrst reistur í Nesi, en líklega hefur það verið fljótlega eftir landnám. Ness er fyrst getið í kirknatali Páls biskups Jónssonar um 1200 og virðist snemma hafa verið stórbýli. Jörðin var komin í eigu Skálholtsstóls um siðaskipti, en eftir siðaskipti eignaðist konungur jörðina. Á tímabilinu frá siðaskiptum og fram um 1760 sátu þar veraldlegir valdsmenn eða prestar. Þegar embætti landlæknis var stofnað var landlækni fengin jörðin til búsetu og Nesstofa reist á árunum 1761-63. Landlæknir og lyfsali bjuggi í Nesi til 1830. Jörðin var þá seld og hélst búskapur þar til um 1960.¹⁵

- 61 Bæjarstæði Ness.** Í aldanna rás hafa hlaðist upp mannvistarlög í Nesi og sést glögggt að Nesstofa stendur á bæjarhól. Við jarðsjármælingu árið 1994 kom í ljós að líklega hefur bærinn í Nesi upphaflega verið reistur á á lágrí og

¹⁵Ólafur Lárusson 1944; Heimir Þorleifsson 1991.

tiltölulega sléttri hæðarbrún.¹⁶ Árið 1989 rannsakaði Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson fornleifafræðingur mannvistarleifar við Nesstofu. Niðurstöður hans benda til þess að búið hafi verið í Nesi frá því skömmu eftir að landnámsgjóska féll. Könnunin leiddi í ljós að mannvistarlög við Nesstofu eru mjög þykk og á stóru svæði.¹⁷

Rétt er að líta á bæjarhólinn og aðrar rústir í landi Ness sem eina minjaheild.

¹⁶Sigurjón Páll Ísaksson og Þorgeir S. Helgason 1994.

¹⁷Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson 1990.



Loftmynd af Nesi. Í túninu sjást allmargar hringlaga tóftir.

Tegundir skráðra minja

<u>Tegund:</u>	<u>Númer:</u>	<u>Fjöldi:</u>
Bryggja	51.3, 58	3
Brunnur	4, 18, 21, 46.2	4
Bæjarstæði	5, 11, 12, 14, 49, 61	6
Dráttarbraut	51.4	1
Fallbyssubyrgi	39.3	1
Garðbrot	39.4, 42.2	2
Hjallur	51.2	1
Hringlaga tóft	6, 7, 8, 10	4
Húsgrunnur	51.6, 51.7, 57.2	3
Hústóft	43	1
Kirkja og kirkjugarður	13	1
Landamerkjagarður	30	1
Landamerkjasteinn	37.2	1
Ljóskastarastæði	1, 29	2
Mælingamerki	2.3	1
Naust	51.5	1
Rétt	2.1, 15	2
Sumarbústaðartóft	40	1
Sjávargarður	19, 26, 27, 45.2, 47.2, 48, 50, 52, 55	9
Sjóbúð	51.1	1
Skotbyrgi?	32, 33, 34, 35, 36.1, 36.2, 37.1, 39.2, 57.1	9
Skotgröf	39.1	1
Stekkur	42.1	1
Stía	2.2	1
Stríðsminjar	17, 38.1, 38.2, 41	4
Tóft	37.3	1
Traðir	9.2	1
Túngarður	9.1, 16, 56	3
Varðhús?	31	1
Verbúðir	3.1	1
Vélbyssuhreiður	46.1	2
Vör	3.2, 20, 22, 23, 24, 25, 28, 44, 45.1, 47.1, 53, 54, 59	13
Öskuhaugur	60	1
		Samtals 85

Lokaorð

Minjarnar sem skráðar voru á Seltjarnarnesi árið 1980 eru af ýmsum tegundum og misgamlar. Flestar rústir er erfitt að aldursgreina með vissu án fornleifarannsókna. Ritaðar heimildir eru þar stundum til hjálpar, einkum þegar bæir eru annars vegar, en erfitt er að segja til um hvort þeir hafi staðið lengur eða skemur þegar þeirra er fyrst getið í heimildum. Elstu minjar á Seltjarnarnesi eru sennilega frá því skömmu eftir landnám; þær yngstu sem hér eru skráðar eru rústir hernaðarmannvirkja sem hernámslið Breta og Bandaríkjamanna reistu í heimsstyrjöldinni síðari.

Byggð hófst snemma á Seltjarnarnesi og hefur ávallt verið nokkuð þétt. Bærinn í Nesi er fyrst nefndur í heimildum um 1200 en ekki er vitað hversu lengi hann hafði þá staðið þar. Glöggst má sjá gamla bæjarhólinn í Nesi þar sem Nesstofa stendur nú og er ljóst að í hólnum og umhverfis hann er að finna mjög merkar minjar um byggð ánesinu. Enn má sjá leifar túngarðs og traða í Nestúni, auk þess sem þar eru rústir hringlaga mannvirkja sem ekki er enn ljóst hvaða hlutverki gegndu. Nes var kostajörð og byggðust snemma margar hjáleigur úr landi Ness. Sumar voru aðeins skamma hríð í byggð, en aðrar urðu síðar að sjálfstæðum bæjum. Vitað er hvar nokkrar hjáleigur og aðrir bæir stóðu og eru sumir staðirnir merktir inn á Örnefnakort frá 1979, en flest bæjarstæði eru löngu horfin undir byggðina og minjar því ekki sjáanlegar á yfirborði. Í Gróttu eru fjölbreyttar og vel varðveittar minjar. Þar og í Nesi eru stærstu og heillegustu minjasvæðin á Seltjarnarnesi. Meðal sérstæðustu minja á nesinu er Þvergarður á Valhúsahæð. Garðurinn er mjög gamall og náði áður yfir þvert nesið en hefur mikið verið skertur á undanförunum árum og áratugum.

Seltirningar byggðu afkomu sína að miklu leyti á sjósókn enda góð fiskimið skammt undan landi og er talsvert um minjar tengdar útræði og útvegi. Þrettán varir voru skráðar 1980 en margar þeirra hafa síðan skemmst vegna lagnaframkvæmda og við gerð nýrra varnargarða, og nokkrar eru alveg horfnar. Ekki er hægt að segja til um aldur varanna með vissu, en líklegt er að sumar þeirra séu fornar. Leifar sjávargarða eru enn vel sjáanlegar á löngum köflum á norðanverðu nesinu og að nokkru leyti á nesinu sunnanverðu. Ekki er vitað hvenær garðarnir voru fyrst hlaðnir. Þeir gætu verið gamlir að stofni til, en haldið við og hlaðnir upp í tímans rás. Garðarnir eru oft kenndir við þann bæ sem næstur stóð, og varimar við þann bæ sem þær tilheyrðu. Rústir verbúða eru skráðar á einum stað, við bakka Búðatja.mar. Þær voru illa farnar árið 1980 og hafa skemmst frekar síðan þá við framkvæmdir á golfvöllinum. Þó má enn greina leifar þeirra.

Stór hluti þeirra rústa sem voru skráðar árið 1980 eru leifar hernaðarmannvirkja, sem falla ekki undir skilgreiningu þjóðminjalaga á fornleifum enda yngri en 100 ára. Hins vegar er heimilt að friðlýsa yngri minjar sérstaklega. Mest var um stríðsminjar á Valhúsahæð en margar þeirra eru nú horfnar.

Á Seltjarnarnesi eru nokkrir vel varðveittir minjastaðir sem gætu verið tilvaldir áningarstaðir ef upplýsingar um þá væru aðgengilegar og þess gætt að minjarnar skaðist ekki af ágangi fólks. Til þessa hefur lítið verið gert hérlandis til að kynna fornleifastaði fyrir ferðamönnum og almenningi, þótt sögu þjóðarinnar megi lesa í landslaginu ekki síður en í bókum. Á þessu sviði eru ónýttir möguleikar í ferðapjónustu, ekki síður en í skólastarfi.

Heimildir

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1923-24. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Þriðja bindi. Kaupmannahöfn. [Ljóspr. Reykjavík 1982.]

Guðmundur Ólafsson og Kristinn Magnússon. 1992. *Þvergarður. Fornlandamerkjagarður á Seltjarnarnesi*. Rannsóknaskýrslur Fornleifadeildar 1992: XlIII. Reykjavík.

Heimir Þorleifsson. 1991. *Seltirningabók*. Seltjarnarnesi.

Kristinn Magnússon. 1993. *Bráðabirgðaskýrsla um fornleifarannsókn á Seltjarnarnesi árið 1993*. Seltjarnarnesi.

Ólafur Lárusson. 1944. *Byggð og saga*. Reykjavík.


Sigurjón Páll Ísaksson og Þorgeir S. Helgason. 1994. *Kirkjan í Nesi við Seltjörn. Jarðsjármælingar austan Nesstofu og yfir hringa í túni*. Reykjavík.

Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson. 1990. *Fornleifarannsókn við Nesstofu 1989*. Rannsóknarskýrsla. Reykjavík.

Örnefnastofnun. 1976. Örnefnaskrá Seltjarnarness í Örnefnastofnun Þjóðminjasafns Íslands.



Loftmynd i



Loftmynd ii



Loftmýnd iii